View in browser




Alþingi samþykkti frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á útlendingalögum í dag eftir harða og langa baráttu Sjálfstæðisflokksins í málaflokknum í hartnær áratug. Frá því að núgildandi útlendingalög voru samþykkt árið 2016 hafa dómsmálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins ítrekað lagt til nauðsynlegar breytingar á lögunum. Þær breytingar hafa ávallt mætt mikilli andstöðu, ekki síst frá Pírötum og Samfylkingu, og hafa fulltrúar beggja flokka nær alltaf staðið fyrir málþófi þegar málin hafa komið til umræðu.

„Málefni útlendinga eru viðkvæmur málaflokkur og ber að nálgast hann af virðingu. Ísland er meðal helstu velferðarríkja heims og það er ekki hægt að tryggja og viðhalda þeirri velferð nema hafa stjórn á þeim fjölda sem til landsins kemur. Ég fagna þessum breytingum á útlendingalöggjöfinni okkar, en um er að ræða veigamestu breytingar á málaflokknum í áraraðir, en einnig að sátt hafi náðst í ríkisstjórn um sameiginlega sýn í málaflokknum. Ég mun áfram rísa undir ábyrgð og ég hræðist ekki vegferðina sem er fram undan,“ sagði Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra í kjölfar samþykktar nýrra laga.

Dómsmálaráðherra boðar annað frumvarp í haust þar sem áhersluatriðið verður að svipta flóttamenn dvalarleyfi gerist þeir uppvísir um alvarlegan glæp.

Nánar má lesa um málið hér.



# Styrktu flokkinn!

Stjórnmálaflokkar verða ekki reknir á hugsjóninni einni. Stjórnmálabaráttan kostar beinharða peninga en stjórnmálasamtök hafa afar takmörkuð tækifæri til tekjuöflunar. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur þess, umfram aðra íslenska stjórnmálaflokka, að vera breiður og fjölmennur flokkur þar sem tugþúsundir einstaklinga um allt land leggja sitt af mörkum. Hjá sjálfstæðisflokknum munar mestu um framlög flokksmanna sjálfra.

**Gerast styrktarmaður!**

**Styrktu flokkinn!**

**Sjálfstæðisflokkurinn**
Háaleitisbraut 1
105 Reykjavik
Iceland

Fyrirvari

Tölvupóstur þessi er sendur skráðum félagsmönnum í samræmi við ákvæði laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmálasamtaka. Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Pósturinn er sendur út af póstlista Sjálfstæðisflokksins.

Viltu ekki fá póst eins og þennan? Þú getur afskráð þig með því að fara á xd.is - mínar síður.